

Ed.

177. Nefndarálit

um frv. til l. um framlög til kynnisferða sveitafólks.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar hefur gert það að tillögu sinni, að frv. verði samþykkt með lítils háttar breytingum. Hef ég ekki getað fallizt á þá afgreiðslu og vil með nokkrum orðum gera grein fyrir afstöðu minni til málsins.

Það verður ekki með sanni sagt, að frumvarp þetta eigi rætur sínar á meðal sveitafólksins sjálfs, heldur var það flutt á síðasta þingi sem fylgifiskur orlofslaganna til samræmis fyrir sveitafólkið við þau fríðindi, er orlofslögin veita kaupstaðabúum. Um markmiðið, að láta sveitamenn njóta jafnréttis við kaupstaðafólkið, er ekki nema gott eitt að segja, og er skylda Alþingis að sjá um, að svo verði gert. Hitt er aftur á móti mjög vafasamt, hvort hlunnindi þau, er frv. ætlast til, að veitt verði, eins og þar er um hnútana búíð, eru hagkvæm og hyggileg úrlausn.

Eins og vikið var að, er frv. ekki komið fram samkvæmt neinum almennum óskum úr sveitahéruðum landsins, enda ber meðferð sú, er það hefur sætt á Alþingi, því gleggstan vott. Ég tel, að fríðindi til sveitanna til jafns við orlof í kaupstöðum gætu komið sér betur til annars en frv. ákveður. Þetta ætti að kanna á meðal sveitafólksins, t. d. með því að leita umsagna sýslunefnda, aðalfunda búnaðarsambanda o. s. frv. — Framlöggin eiga að skiptast á meðal svo margra til þessara ferðalaga, að lítið mundi koma í hlut, og mætti þá svo fara, að búnaðarsamböndunum yrði lítil ánægja að þessari auraúthlutun. Þess er og að gæta, að nú um skeið hafa margir bændur þau úrræði, að spurning er, hvort hér er um smekklega hugulsemi að ræða. Einskorðunin til ferðalaga mundi og koma mörgum einyrkjanum, sem ekki á heimangengt, í nokk-

urn vanda. Er, svo sem nú er ástatt, því miður vafasamt, hvort sá væri alltaf á takteinum, er annazt gæti heimilið meðan á útreiðinni stæði. — Síðar gæti svo farið, að aftur yrði á brattann að sækja í afkomumálum bænda, og álit ég miklu réttara að sniða framlögum til þeirra rýmri stakk en gert er með frumvarpinu. Væri t. d. ekki hyggilegra að ætla nokkurt fé til styrktar ungu og fátæku sveitafólki til náms á bænda- eða húsmæðraskólum, til aukinnar menntunar erlendis í fræðigreinum búskaparins o. s. frv.? Gæti þar margt komið að drýgri notum en hópferðaúthlutun búnaðarsambandanna.

Þá er þess að geta, er öðru fremur veldur því, að ég get ekki fylgt frv. þessu, en það eru ákvæði þess um, að framlögin skuli mulin utan úr landbúnaðarafurðunum. Að vísu á svo að sýnast, að þau eigi hvorki að takast af greiðsluverði til bænda né til dreifingarkostnaðar. En þess konar er orðaleikur. Á vörurnar er gjaldið lagt, og munu bæði framleiðendur og neytendur fróðari um það, er á hólminn kemur. Um þessar mundir er varið miklu fé úr ríkissjóði til verðjöfnunar á þessum vörum, svo að bændur fái sitt og neytendur kaupi vörurnar viðunandi verði. Er mikil smekkleysa og óviðeigandi að taka aðrar greiðslur af vörum þessum, hvort sem miðað er við framleiðendur eða neytendur, en koma framleiðslu-, vinnslu- og dreifingarkostnaði við. Út fyrir þá afmörkuðu braut á ekkert spor að stíga. Hlunnindi þau, er hér um ræðir, eiga að koma með greiðslum beint úr ríkissjóði, en ekki svo sem frv. gerir ráð fyrir.

Þarf málið því betri undirbúning en orðið er, og geri ég það að tillögu minni, að það verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Jafnframt því, sem telja verður réttmætt, að sveitafólk njóti framlaga til jafns við friðindi þau, er orlofslögin veita, en hins vegar frumvarp það, er hér liggur fyrir, lítt undirbúið, nauðsynlegt að kynnast betur vilja almennings til sveita um það, til hvers framlögin skuli helzt notuð, hvort ekki þyki réttara, að greiðslur þessar komi beint úr ríkissjóði en séu lagðar fram með skerðingu á landbúnaðarvöruverði, og í trausti þess, að ríkisstjórnin leiti þar umsagna í sveitum landsins og sjái að öðru leyti um undirbúning á hentugri frambúðarskipun á máli þessu, telur deildin eigi rétt að samþykkja frumvarpið og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 13. okt. 1943.

Eiríkur Einarsson.